



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 6. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016
MIÐVIKUDAGINN 2. NÓVEMBER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf

Einn nemandi segir sig frá námi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Salsaball verður annað kvöld. Uppselt er á ballið. Nemendur í skólanum fengu armbönd í stað miða þannig að hægt er að þekkja gesti frá nemendum skólans. Upp kom sú hugmynd að hafa annan lit á armböndum fyrir nýnema til að einfalda komu nemenda á dansleiki. Miðasala á ballið gekk frekar hægt en ekki náðist að fá s.k. hraðbankabíl til að hraða afgreiðslu. Það stendur vonandi til bóta næst.

3. Önnur mál

Skólaráð þakkar hvernig nemendur stóðu að s.k. skuggakosningum.

Skólaráð þakkar hvað FG – Flensborgardagurinn gekk vel og fór vel fram.

Fundi slitið kl. 14.10

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi

Anna Jeeves fulltrúi kennara

Elísabet Siemsen skólameistari

Freymar Örn Ómarsson gjaldkeri NFFG

Guðbjörn Björnsson forseti NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi